

Erindisbréf fyrir samráðshóp um málefni fatlaðs fólks í Suðurnesjabæ

1.gr.

Samráðshópur um málefni fatlaðs fólks í Suðurnesjabæ starfar í umboði bæjarstjórnar með þeim hætti sem nánar er kveðið á um í lögum og samþykkt þessari.

2. gr.

Samráðshópur um málefni fatlaðs fólks er skipað sex fulltrúum.

- Þrír fulltrúar og þrír til vara skulu tilnefndir af sveitarstjórnnum sveitarfélaganna að loknum sveitarstjórnarkosningum.
- Þrír fulltrúar og þrír til vara skulu tilnefndir af hagsmunasamtökum fatlaðs fólks í þjónustusvæðinu.
- Óskað skal eftir tilnefningum frá Landssamtökunum Þroskahjálp og Öryrkjabandalagi Íslands.

Kjörtímabil þess er það sama og bæjarstjórnar. Bæjarstjórn skipar formann en samráðshópurinn varaformann. Starfsmaður ráðsins sér um að boða til fundar með rafrænu fundarboði ásamt dagskrá með a.m.k. viku fyrirvara. Geti aðalfulltrúi í ráðinu ekki mætt til boðaðs fundar skal hann tilkynna um forföll til starfsmanns ráðsins eins fljótt og auðið er og óska eftir því að varamaður verði boðaður í sinn stað.

Starfsmaður félagsþjónustu er starfsmaður samstarfshópsins og ritar hann jafnframt fundargerðir.

Fulltrúum notenda í samráðshópnum skal tryggður nægjanlegur stuðningur og eftir atvikum þjálfun svo unnt sé að stuðla að virkri þátttöku í samráðinu.

Samráðshópurinn skal halda gerðabók og skulu fundargerðir þess sendar bæjarstjórn til staðfestingar.

3. gr.

Hlutverk samráðshóps er að vera formlegur vettvangur samráðs og samstarfs við sveitarstjórnir á þjónustusvæðinu um hagsmuni fatlaðs fólks framkvæmd og þróun þjónustunnar. Samráðið stuðlar að skoðanaskiptum og miðlun upplýsinga milli fatlaðs fólks og stjórnvalda sveitarfélagsins um stefnu og framkvæmd í málefnum sem varða fatlað fólk og er þeim og fastanefndum þeirra til ráðgjafar í þeim efnum. Markmið og tilgangur með starfi samráðshópsins er að fylgjast með þróun þjónustu í málefnum fatlaðra, gera fötluðu fólki kleift að hafa áhrif á og taka þátt í skipulagi og framkvæmd þjónustu sem það varðar svo og öðrum hagsmunamálum sínum. Markmiðið er einnig að bæta aðgengi fatlaðs fólks í víðum skilningi.



Verkefni Hlutverk samstarfshóps er einkum:

1. Að vera ráðgefandi fyrir stjórnvöld og hlutaðeigandi stofnanir þjónustuvæðisins um hugmyndafræði og stefnumótun í málefnum fatlaðs fólks.
2. Að fylgjast með framkvæmd þjónustu við fatlað fólk á þjónustuvæðinu í samráði við notendur hennar og talsmenn þeirra eða aðstandendur. Í því felst meðal annars að fjalla um ábendingar og tillögur þeirra sem í hlut eiga, þó ekki þær sem varða málefni einstaklinga.
3. Að koma á framfæri hugmyndum, tillögum og ábendingum um inntak og tilhögun þjónustu við fatlað fólk á þjónustuvæðinu.
4. Veita velferðarráðuneytinu umsögn um þjónustu sem félagasamtök, sjálfeignarstofnanir og aðrir þjónustu- og rekstraraðilar hyggjast veita samkvæmt ákvæðum laga nr. 38/2018 um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir.

4. gr.

Samráðshópur kemur saman minnst fjórum sinnum á ári. Á dagskrá skulu tekin mál sem fulltrúar í hópnum hafa óskað eftir að fjallað verði um, enda séu þau á verksviði hópsins. Jafnframt skulu tekin á dagskrá mál sem fastanefndir sveitarfélaganna óska eftir að hópurinn fjalli um. Gert er ráð fyrir að fjölskyldu- og velferðarráð eigi fund með ráðinu að minnsta kosti árlega. Þá er þess enn fremur vænst að hópurinn leggi fram skýrslu um og kynni starf sitt.

5. gr.

Hópurinn gerir tillögur eða sendir erindi til viðkomandi fastanefnda eða beint til sveitarstjórnar um þau málefni sem það telur varða hagsmuni eða aðstæður fatlaðs fólks. Samráðshópurinn getur að sama skapi óskað eftir fundi með nefnd um málefni sem það telur þörf fyrir að kynna henni. Suðurnesjabær lætur samráðshópnum í té aðstöðu til fundarhalda og aðgang að þeim gögnum sem nauðsynleg eru fyrir starfsemi hópsins.

Sett með heimild í 44. gr. samþykktu um stjórn Suðurnesjabæjar nr. 450/2018 með síðari breytingum.

Samþykkt á 32. fundi bæjarstjórnar Suðurnesjabæjar þann 3. febrúar 2021.

